



3. bekkur

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru **grunnþættir menntunar** eftirfarandi:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

Leitast er við að tengja grunnþætti menntunar inn í nám og kennslu á sem fjölbreyttastan hátt. Hægt er að nálgast upplýsingar um hvern þátt fyrir sig á heimasíðu Lindaskóla: <http://lindaskoli.is/grunthaettir-menntunar/>

Rík áhersla er lögð á **lykilhæfni** og er hún hluti af náminu. Nemendur þurfa því að huga að lykilhæfni í öllum námsgreinum. Það sem er metið eru vinnubrögð, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.frv. Í aðalnámskrá grunnskóla er lykilhæfni skipt í fimm hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi



Íslenska

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir á viku

Kennarar: Auður Gyða Ágústsdóttir

Námsefni

Ýmsar vinnubækur og ljósrituð hefti. Lestrarbækur við hæfi hvers og eins. Ýmis valin ljóð. Skrift 3, Björgvin Jósteynsson, Kristbjörg Eðvaldsdóttir og Þórir Sigurðsson.

Ritrún 2, Kolbrún Sigurðardóttir og Þóra Kristinsdóttir. Ýmis ljósrituð málfræðihefti, viðeigandi stafsetningaræfingar. Orðaskyggjur, Guðrún Gísladóttir og Kolfinna Bjarnadóttir. Lesrún, Anna Þóra Jónsdóttir og Kristjana Pálsdóttir og Bókasafnarinn, Ingibjörg Ásgeirsdóttir. Davíð og fiskarnir lesbók og ljósritað vinnuhefti, Bent Faurby og Bras og þras á Bunulæk lesbók og ljósritað vinnuhefti, Iðunn Steinsdóttir.

Kennsluaðferðir

Lestur og bókmenntir: Í lestrinum verður meiri áhersla lögð á framsögn og aukinn lestrarhraða.

Samlestur jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur verða hvattir til að lesa upphátt fyrir bekkjarfélaga sína um leið og áhersla verður lögð á að nemendur hlusti hverjir á aðra. Nemendur fá tækifæri til að fara á skólasafn og ná sér í bækur. Lögð verður áhersla á reglulegar lestrarstundir í skóla þar sem nemendur lesa sér til ánægju (í hljóði). Unnið með bókina bókasafnarinn með frjálsa lestrinum. Mikil áhersla er á heimalestur og að nemendur skrifi orð í orðasafn. Lestraráttök verða yfir skólaárið, stundum eingöngu í skólanum og önnur lestrarátök með heimilum. Í vetur verða ýmis ljóð tekin til umfjöllunar eða lærd. Nemendur eiga einnig að semja sín eigin ljóð. Í ljóðum verður farið í grunnatriði bragfræði, s.s. rím, stuðla, höfuðstafi.

Talað mál, hlustun og áhorf: Nemendur lesa upp úr sögubókum sínum fyrir samnemendur. Nemendur segja frá atburðum helgarinnar. Nemendur hlusta á nestissögu. **Ritun:** Unnið að því að þjálfar nemendur í því að skrifa sögur og frásagnir frá eigin brjósti og með gefnu söguefni. Stafagerð í skrift verður rifjuð upp og áhersla lögð á vandvirkni nemenda. **Málfræði og stafsetning:** Það verða lögð inn grunnhugtök í málfræði og unnið með þau. Byrjað verður á stafrófinu og síðan farið í nafnorð. Nemendur læra að nafnorð skiptast í sérnöfn og samnöfn og að þau eru til í eintölu, fleirtölu, kvenkyni, karlkyni og hvorugkyni. Einnig læra þeir að þekkja sagnorð og lýsingarorð. Í stafsetningu verður lögð áhersla á stóran og lítinn staf, tvöfaldan samhljóða og punkt í lok málsgreinar og kynntar verða reglurnar um n/nn og ng/nk.



Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Lestur og bókmenntir Talað mál, hlustun og áhorf Ritun Málfræði og stafsetning	<ul style="list-style-type: none">• lesi sér til gagns og gamans• geti lesið margvíslega texta• efli orðaforða sinn og málskilning• lesi sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga• læri nokkrar þekktar söngvísur og ljóð• fái tækifæri til að semja ljóð• þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum• endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt• fái tækifæri til að flytja texta frammi fyrir hópi, t.d. leiktexta• kunni að hlusta og bregðast við á viðeigandi hátt• beri virðingu fyrir móðurmáli sínu og annarra• geri sér grein fyrir hugtökunum sögubyrjun, söguþráður og sögulok• læri að fara eftir nokkrum stafsetningarreglum, t.d. að hafa bil á milli orða, að hafa upphafsstafi á eftir punkti og enga upphafsstafi inn í orðum• leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang• dragi rétt til stafs samkvæmt ítalskri leturgerð• séu færir um að skrifa margvíslegan texta af öryggi• læri stafrófið og átti sig á mun sérhljóða og samhljóða• þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn• átti sig á því hvernig orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum• geti gert sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð• þjálfist í undirstöðuatriðum stafsetningar• auki orðaforða sinn og hafi gott vald á íslensku máli

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat. Lesfimiþróf þrisvar sinnum yfir skólaárið. Lesskilningskönnun er lögð fyrir tvisvar yfir skólaárið. Stafsetningarkannanir/verkefni og málfræðikannanir/verkefni lagðar/lögð fyrir af og til yfir skólaárið. Skriftarkönnun verður í maí. Auk þess er vinnusemi, vandvirkni og samvinna nemenda metin.





Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir á viku

Kennari: Guðrún Friðbjörg Eyjólfsdóttir

Námsefni

Sproti 3a og 3b, *Björnar Alseth, Henrik Kirkegaard og Mona Rösseland*. Könnum kortin 2, *Katrín Ragnarsdóttir og Svala Ágústsdóttir*. Við stefnum á margföldun. *Carol A. Thornton og Cathy Noxon*. Í undirdjúpunum margföldun, *Birna Hugrún Bjarnardóttir og María Ásmundsdóttir*. Stærðfræðispæjarar 3, *Bryndís Stefánsdóttir og Elín Margrét Kristinsdóttir*. Evolytes 2 og 3 vinnubók og spjaldtölvur. Að auki verður unnið með ýmis ljósrituð hefti.

Kennsluáferðir

Sproti 3a og 3b (nemendabók) eru lagðar til grundvallar í innlögnum. Nemendur vinna í þessum bókum ýmist einir, í litlum hópum eða í heilum bekk. Áhersla verður lögð á verklega vinnu, rannsóknir og tilraunir. Sproti 3a og 3b æfingahefti auk hinna bókanna verða notaðar sem ítarefni. Auk þess sem ýmis ljósrituð hefti verða notuð eftir þörfum. Í heimavinnu verða ýmist valin verkefni eða verkefni í aukabókum en alltaf í tengslum við verkefni í skólanum þá vikuna.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Stærðfræði og tungumál Lausnir verkefna og þrauta Rökshenging og röksemdarfærslur Tengsl við daglegt líf Tölur Reikniaðgerðir Hlutföll og prósentur Mynstur og algebra Rúmfræði Tölfræði og líkindafræði	<ul style="list-style-type: none">• geti skráð og lesið tölur á bilinu 1-1000 ásamt einföldum brotum• þjálfist í að lýsa umhverfi sínu og hlutum með stærðfræðilegum hugtökum• útskýri hvernig hann leysir verkefni fyrir bekkjarfélögum og kennara• geti túlkað og útskýrt upplýsingar úr töflum og súlurítum• leysi þrautir af margvíslegum toga• útskýri lausnarferli sitt



- þjálfist í að skrá lausnarferli sitt með myndum eða táknum
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- vinni að rannsóknum á umhverfi sínu, t.d. með því að skoða form
- þjálfist í að nota peninga
- læri að lesa á tölvuklukku og skífuklukku
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að vinna út frá
- geti metið sanngildi einfaldra stærðfræðilegra fullyrðinga
- vinni með og skilji gildi tákna $<$, $=$, $>$,
- búi til talnarunur þar sem fylgja þarf ákveðinni reiknireglu
- fái tækifæri til að fara í leiki sem reyna á rökhugsun
- fái tækifæri til að vinna með stórar og smáar tölur í margvíslegu samhengi
- öðlist vald á tugakerfinu og skilji mikilvægi þess
- kynnist neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi t.d. hitamæli og í notkun á reiknivélum
- geti tengt reikniaðgerðir við hlutbundin viðfangsefni
- skilji að margföldun er síendurtekin samlagning
- læri margföldunartöfluna frá $1x$ upp í $10x$
- kynnist samlagningu og frádrætti sem andhverfum aðgerðum
- átti sig á því að víxlregla gildi í samlagningu og margföldun en ekki í frádrætti
- kynnist mismunandi aðferðum við samlagningu og frádrátt tveggja og þriggja stafa talna
- þjálfist í að námunda tölur að næsta heila tug
- kynnist einföldum brotum
- geti lagt mat á samhengi á milli stærða einfaldra brota
- skoði regluleika í mynstri
- geti haldið áfram með mynstur sem byrjað er á
- búi til talnamynstur með vasareikni
- þjálfist í notkun mismunandi hugtaka í rúmfræði
- þjálfist í lengdarmælingum og mælieiningunum cm, dm, m
- vinni með höfuðáttirnar á landakorti



	<ul style="list-style-type: none">• kynnist hnitakerfi og að telja út hnit heilla talna• vinni með samhverfur í umhverfi sínu• geti speglað og hliðrað flatarmyndum• geri rannsóknir á umhverfi sínu, skrái, lesi úr niðurstöðum og setji upp í myndrit• geri einfaldar rannsóknir á líkum
--	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat. Nemendur taka kannanir úr hverjum kafla fyrir sig allt skólaárið. Einnig er vinnusemi, vandvirkni og samvinna nemenda metin.



Samfélagsfræði - náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir á viku.

Kennarar: Auður Gyða og Guðrún Friðbjörg

Námsefni

Komdu og skoðaðu; fjöllin, eldgos og himingeiminn, *Sólrún Harðardóttir*. Útinám, vettvangsferðir; dagblöð. Ýmis önnur verkefni. Halló heimur 2, *Jónella Sigurjónsdóttir* og *Unnur María Sólmundsdóttir*. Góða ferð, *Ásta Egilsdóttir* og *Jóhanna Karlsdóttir*

Kennsluaðferðir

Farið í bækurnar Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu eldgos og Komdu og skoðaðu himingeiminn. Nemendur munu vinna einstaklingsverkefni og hópaverkefni tengd þessum bókum. Farið í Halló heim 2 þar sem lært er t.d. um vatn, tilfinningar, brunavarnir og styrkleika. Einnig verða lögð fyrir ýmis önnur verkefni. Umræður verða hluti af náminu og farið verður í vettvangsferðir.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Himingeimurinn	<ul style="list-style-type: none">• fræðist um afstöðu himintunglanna, þyngdarkraft og tunglmánuðina• þekki að jörðin er byggð upp af; kjarna, möttli, jarðskorpu, hafi og lofthjúp• kynnist orsökum jarðskjálfta, eldgosa og viðbrögðum við þeim• virði og átti sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum• skilji algengustu veðurtákn sem notuð eru í veðurlýsingum• átti sig á mikilvægi þess að hugsa vel um náttúruna og sjálfan sig• kynnist þjóðsögum• kynnist á ólíkum fjöllum, gerð þeirra og fjölbreytileika
Fjöllin	
Eldgos	
Lífsleikni	
Heimsókn frá slökkviliði	
Vettvangsferðir	
Útivera	
Tilraunir	



	<ul style="list-style-type: none">• auki við þekkingu sína á atburðum tengdum jólum og páskum• læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum• þjálfí ímyndunarafl sitt• læri að koma fram við aðra eins og hann vill að aðrir komi fram við sig• læri að vinna einn og í hópum
--	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat

Símat allan veturinn; horft verður til vinnubragða og vandvirkni. Einnig hæfni nemenda til að vinna saman í hópum.



Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir á viku

Kennari: Davíð Ketilsson, Lilja Íris Gunnarsdóttir og Vilhelmína Þór Óskarsdóttir.

Kennsluaðferðir

Íþróttá- og sundkennslan byggist á að efla líkams- og félagsþroska barna. Hreyfipörf barna er mikil og í íþróttá- og sundtímum fá þau útrás fyrir hreyfipörf, tjáningu og sköpun. Eitt aðalmarkmið íþróttá- og sundkennslu er að auka þol, kraft, snerpu og liðleika og verður það gert með almennri hreyfipjálfun með áherslu á leiki, stöðvapjálfun, hringpjálfun og hreyfitjáningu með dansi. Nemendur taka þátt í knattleikjum og kynnast helstu reglum. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum þar sem farið er yfir mikilvægi þess. Mælt er með því að nemendur fari í sturtu eftir hvern tíma en það er ekki skylda.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Barnaleikir Grunnpjálfun Fimleikar Frjálsíþróttir Knattleikir Badminton Dans Útikennsla	<ul style="list-style-type: none">• efla líkams- og félagsþroska• auki þol, kraft, snerpu og liðleika• efla tjáningu og sköpun
Sund: Ganga, hoppa, hlaupa, stökkva, kasta, grípa og snerta. Öndunaræfingar Kafa, fljóta á kvið og baki, rennsli á kvið og baki. Bringusund og skólabaksund. Bak- og skriðsund. Leikir sem stuðla að því að venjast vatninu og að nemendum líði vel í því. Flugsundsfætur	<ul style="list-style-type: none">• geti synt 12 metra bringusund• geti synt 12 metra skólabaksund með eða án hjálpartækja• geti synt 6 metra skriðsundsfótatök með andlit í kafi og armar teygðir fram• geti synt 6 metra baksund með eða án hjálpartækja• geti kafað eftir hlut á 1 – 1,5 metra dýpi



Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni: liðleiki , kraftur, hraði, samhæfing og þol.

Sund: Námsmat í færni: Tæknisund.

Námsmat í íþróttum og sundi byggist á símati kennara allan veturinn: hegðun, virkni, íþróttaföt og mæting.

Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskráar og gefin er sér lokaekinn í íþróttum og sundi í bókstöfum að vori.



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: 1-2 í viku yfirleitt og svo eftir verkefnum og vinnu

Kennarar: Auður Gyða og Guðrún Friðbjörg

Námsefni

Myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, netið og fleiri forrit sem henta nemanda hverju sinni

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna auk samþættingar við önnur fög.

Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar.

Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Nemendur eru virkir þátttakendur í vali verkefna þar sem reynir á nýsköpun og hugmyndaflug.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">• sýni frumkvæði og geti tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn• geti gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði• geti nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni• nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna• geti notað einfaldan hugbúnað• geti notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt.• geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra



Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.



Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2.kennslustundir á viku 1/2 veturinn

Kennari: Hanna Rut Heimisdóttir

Námsefni

Stuðst er við efni frá kennara ásamt ítarefni af veraldarvefnum. Einnig verður stuðst við verkefni af vef Menntamálastofnunar - Textílmennt námsvefur. Að auki verða hin ýmsu hannyrða- og textílblöð nýtt eftir hentugleika.

Kennsluaðferðir

Í textílmennt er leitast við að notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Dæmi um kennsluaðferðir eru;

- verkleg kennsla þar sem nemandi fær þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum og eflingu í leikni.
- þrautalausnir þar sem áhersla er lögð á rökhugsun, skipulag, sjálfstæði, gagnrýna hugsun og áræðni.
- sjálfstæð, skapandi viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, frjóa og skapandi hugsun og hugmyndavinnu.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Aðferðir	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið eftir einföldum leiðbeiningum.
Áhöld	<ul style="list-style-type: none">• geti teiknað upp hugmyndir á blað
Textílefni	<ul style="list-style-type: none">• geti teiknað upp einfalt snið
Hugmynd	<ul style="list-style-type: none">• geti saumað eftir einföldum línnum
Skissa	<ul style="list-style-type: none">• geti útbúið smáhlut
Skreyting	<ul style="list-style-type: none">• geti sett saman liti að eigin vali
Textílvinna	<ul style="list-style-type: none">• geti þrætt nál
Tegundir	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með ólík efni textíls
Handverk	<ul style="list-style-type: none">• geti prjónað einfalt prjón
Hugtök	<ul style="list-style-type: none">• geti prjónað puttaprjón
Einfaldleiki	<ul style="list-style-type: none">• þekki hvernig mismunandi flíkur henta mismunandi veðurfari, athöfnum og tilefnum.
Leiðbeiningar	



- Þekki ferli íslensku ullarinnar í grófum dráttum

Námsmat

Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á vinnusemi, jákvæðni, áhuga, framkomu og hvernig nemandi gengur að fylgja fyrirmælum. Stuðst er við leiðsagnarmat.

Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ragnhildur Róbertsdóttir

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum Myndmennt 1 og 2, höfundar *Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergsdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir* og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar *Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage*, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu notum við ýmsar listaverkabækur, netsíður (t.d. Listavefurinn.is), barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlíunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslu á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Sköpun Litafræði Formfræði Myndbygging Myndverk Tjáning Tilfinningar	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með línur, form, mynstur og liti• geti notast við náttúruna sem kveikju í listsköpun• geti notað umhverfið í myndsköpun• geti skapað rými í myndverk• geti byggt upp myndir með for- og bakgrunn



Skoðanir Hugmyndaheimur Vinnuferli Hugmynd Kveikja Hugtök Aðferðir Samtal Myndmál Umhverfi Tilgangur Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með stærðir og hlutföll í myndsköpun• geti búið til tvívíða og þrívíða hluti• geti notað hugtök í samræðum um myndgerð• geti komið hugmyndum sínum í mynd• geti fjalla um eigin verk og annarra
--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.



Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn (Kennt er fyrir og eftir áramót)

Kennari: Davíð Ketilsson

Námsefni

Verkefna og hugmyndablöð, fagbækur, handverkfæri, mælitæki, smíðaeefni og efni til yfirborðsmeðhöndlunar.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla. Kennslan er einstaklingsmiðuð.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hönnun Tré Plast Handverkfæri Efnisnýting Meðferð yfirborðsefna Umgengni	<ul style="list-style-type: none">• geti dregið upp einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni• þekki grunnformin ferhyrning, þríhyrning og hring• þekki helstu smíðaeefni og verkfæri sem unnið er með• geti notað verkfærin hamar, sög, rasp-þjöl-sandpappír, brennipenna og rafhlöðuborvél• geti notað einfaldar gerðir samsetninga s.s. lím og nagla• geti unnið með vatnsleysanlega liti• verði meðvitaður um efnisnýtingu• læri rétta líkamsbeitingu og notkun hlífðarbúnaðar við vinnu• geti sýnt vinnufélögum tillitsemi og sé meðvitaður um góða umgengni

Námsmat

Símat með áherslu á: Hugmynd og hönnun, iðni og afköst, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni. Gefið er í bókstöfum.



Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku fyrir eða eftir áramót.

Kennari: Guðrún Friðbjörg

Námsefni

Heimilisfræði 3. Höfundar: Jóhanna Höskuldsdóttir og Ólöf Jónsdóttir

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins og fer yfir það á töflu og skjávarpa þar sem uppskrift er. Nemendum er síðan skipt í hóp þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp en það fer eftir hvert verkefnið er. Ef vinna á í vinnubók líka fer kennari yfir þær blaðsíður og útskýrir fyrir nemendum. Nemendur byrja síðan sína vinnu og kennari gengur á milli hópna og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Hvað er heilbrigður lífsstíll Fæðuhringurinn Hreinlæti Almenn þrif Örverur Læsi á uppskriftir Áhöld og mælitæki Vinnubrögð/leikni Öryggisatriði í eldhúsi og slysaættur Samvinna Leiðir til sparnaðar Flokkun Borðhald Matarmenning	<ul style="list-style-type: none">• læri að jafnvægi sé á milli svefns, hreyfingar og mataræðis. Að velja heilbrigðan lífsstíll• læri um 6 flokka fæðuhringsins sem eru kjöt/fiskur, grænmeti, ávextir, kornflokkur, mjólkurflokkur og fituflokkur• læri hvers vegna hreinlæti er nauðsynlegt• læri að handþvottur sé nauðsynlegur áður en byrjað er að vinna í eldhúsi• læri rétt vinnubrögð við uppvask og viti muninn á tusku og viskastykki, læri að brjóta saman þvott• læri að ganga frá eftir sig eftir vinnu í eldhúsi• læri um örverur, skaðsemi þeirra og gagnsemi• læri að fara vel með hráefni og nýtingu þess• þjálfist í að lesa uppskriftir• þjálfist í að nota og þekkja helstu mælitæki og áhöld sem notuð eru• þjálfist í að þekkja helstu hráefni sem notuð eru• læri góð vinnubrögð og þjálfist í að vinna sjálfstætt



	<ul style="list-style-type: none">• þjálfist í að skera, saxa, flysja, sjóða, steikja, vigta, hnoða og fletja út• læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir slys með því að læra á ofna, helluborð, rafmagnstæki og þeim áhöldum sem notuð eru við eldhússtörf• læri að góð samvinna er mikilvæg, bæði í kennslustofu sem inni á heimili• læri um hagsýni til að spara, bæði orkusparnað sem og nýtingu matvæla• þjálfist í að flokka sorp á heimilum og í kennslustofu.• þjálfist í að leggja á borð, noti hnífapör rétt, temji sér kurteisi, tillitsemi og góða borðsiði• læri um helstu hátíðir Íslendinga sbr. jól, páska, afmæli og aðra hátíðisdaga• fræðist um þjóðlegan mat og hvernig matarmenning Íslendinga var áður fyrir og hvernig hún er í dag
--	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskólanna. Kennari metur einnig vinnusemi og vinnubrögð nemenda ásamt frágangi og framkomu.



Tónmennt

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund á viku

Kennari: Sophia Luise Kistenmacher

Námsefni

Tóndæmi, myndbönd, glærur og námsefni á vef.

Skólahljóðfæri og endurvinnsluefni.

Kennsluaðferðir

Í þessum tímum blandast tónlist og leiklist saman með mismunandi vægi í hvert sinn. Notast verður við stutt innlög með útlistunar- og sýnikennslu, hlustunarefni og myndbönd. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar og leikir í tónlist og leiklist, samræður og hópvinnu, svo sem tjáning og sköpun í gegnum tónlist og leiklist.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hlustun Sköpun Tjáning Samvinna Flutningur	<ul style="list-style-type: none">• þekki hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun• geti tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt• geti beitt beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng,• geti leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri• tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi,• sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna



Námsmat

Símat og endurgjöf fyrir þátttöku í tímum, samvinnu og frumkvæði í verkefnum og vinnubrögð. Einstök stærri verkefni eru metin sér.